



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Snæfellsbæjar



2022-2026

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Markmið brunavarnaáætlunar	3
1 Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins	5
2 Þjónustustig	11
3 Skipulag slökkviliðs	13
3.1. Skipulag	13
3.1.1. Verkefni slökkviliðs	14
3.2. Forvarnarstarf	15
3.3. Útkallsstarf	16
3.4. Önnur verkefni	18
3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	18
3.5.1. Viðvaranir, upplýsingagjöf	18
3.5.2. Svar- og greiningartími	18
3.5.3. Boðunartími	18
3.5.4. Virkjunartími	19
3.5.4. Viðbragðstími	19
3.6. Útkallstími	19
4 Húsnæði og tækjabúnaður	20
4.1. Húsnæði	20
4.2. Bifreiðar	20
4.3. Æfingasvæði	23
5 Slökkvivatn	24
6 Sérstakar bruna- eða mengunarhættur	27
8.1. Húsnæði	32
8.2. Bifreiðar	32
8.3. Menntun og búnaður	32
8.4. Framkvæmdaáætlun	32
Heimildir	35
Fylgiskjöl	36
Fylgiskjal 1	37
Fylgiskjal 1 (frh.)	38
Fylgiskjal 2	39
Fylgiskjal 3	42
Fylgiskjal 4	43

Fylgiskjal 4.1	44
Fylgiskjal 5	45
Fylgiskjal 6	48
Fylgiskjal 7	50
Fylgiskjal 8	54
Fylgiskjal 9	58
Fylgiskjal 10	62
Samþykkt	64

Markmið brunavarnaáætlunar

Leiðarljós brunavarnaáætlunar er markmið laganna sem er að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Jafnframt er eitt af meginmarkmiðunum með brunavarnaáætlun að sveitarfélög skilgreini hvernig þau nái að uppfylla tilgreind þjónustustig.

Gerð og efni brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Snæfellsbæjar hafði yfirumsjón með gerð þessarar brunavarnaáætlunar í samræmi við leiðbeiningar nr. 6.042 um efni og gerð bruna-varnaáætlana.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (slökkvíáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) yfir samfélagslega mikilvægustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins og er því verki lokið.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort;

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra, þjálfun og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöð slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að;

- endurnýja slökkvibíla og fjölga slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, viðhalda menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana og bættri vatnsveitu
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir Slökkvilið Snæfellsbæjar. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Helstu breytingar á starfssvæði Slökkviliðs Snæfellsbæjar, sem áhrif hafa á starfsemi þess og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára, koma fram í brunavarnaáætluninni.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar.

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir 70/2000:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Séu veigamiklar breytingar gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðuð þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar.

Eftirtöldum aðilum var gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Snæfellsbæjar:

- Almannavarnarnefnd Vesturlands
- Björgunarsveitin Lífsbjörg
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
- Heilbrigðisfulltrúi Vesturlands
- Tæknideild Snæfellsbæjar
- Lögreglan á Vesturlandi
- Neyðarlínan
- Slökkvilið Grundarfjarðar
- Slökkvilið Stykkishólms
- Slökkvilið Borgarfjarðar

Uppbygging brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að vera þannig uppbyggð að hún veiti þeim aðilum réttar upplýsingar sem þurfa upplýsingar sem þar eru gefnar.

Brunavarnaáætlun á þannig að veita:

- almenningi upplýsingar um það hvaða öryggi þeim er búið í sveitarfélaginu og með hvaða hætti þjónustan er veitt.
- hönnuðum nægjanlegar upplýsingar til að ákvarða forsendur við hönnun mannvirkja (t.d. slökkvivatn, stærð og geta og útkallstími).
- eigendum mannvirkja nægjanlegar upplýsingar um þjónustustig slökkviliðsins.
- sveitarstjórn nægjanlegar upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um slökkviliðið, m.a. fjármögnun.

1 Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

Hér verður gefið yfirlit yfir helstu staði eða fyrirtæki þar sem mest hættu er á slysum eða tjóni vegna bruna, sprenginga eða mengunar.

Áhættustig sem slökkvilið ræður við:

Áhættustig 2

1	1,1-2,0	2,1-3,0	3,1-4,0	4,1-5,0
Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Áhættustig 4	Áhættustig 5
1 eining 1 dælubíll 3000 l 5 menn	2 einingar 2 dælubílar 6000l 6-10 menn	3 til 4 einingar 3 dælubílar 9000l 10-18 menn	5-8 einingar 4 dælubílar 12000l-1700l Lausar dælur 700l-1400l 18-25 menn Samhæfingarstöð sett í viðbragð	8+ einingar 5-8 dælub. 15000-24000l aðstoð frá öðrum. 25+ menn Samhæfingarstöð Virkuð

Snæfellsbær	Áhættumat						
	Starfsemi	Líkur	Afleiðing	Áhætta	vægi	áh * vægi	Áhættustig
Grunnskólinn Ólafsvík - Ennisbraut 11		2	3	2,38	1	2,38	Áhættustig 3
Íþróttahús Snæfellsbæjar - Engihlíð 1		2	2	2	0,82	1,64	Áhættustig 2
Hafnarvæði (mengun og skip)		3	3	3	0,78	2,34	Áhættustig 3
Olíubirgðastöð á Norðurgarði		3	3	3	0,76	2,28	Áhættustig 3
Heilsugæslustöðin - Engihlíð 28		3	4	3,44	0,86	2,9584	Áhættustig 3
Félagsheimilið Klif - Ólafsbaut 71		3	2	2,38	0,92	2,1896	Áhættustig 3
Dvalarheimilið Jaðar - Hjarðartúni 3		4	4	4	0,96	3,84	Áhættustig 4
Hótel Ólafsvík, Ólafsbaut 20		3	3	3	0,88	2,64	Áhættustig 3
Verslun, verbúð og geymslur Norðurtanga 1		3	2	2,38	0,9	2,142	Áhættustig 3
Klumba ehf. Ólafsbaut 80		4	4	4	0,88	3,52	Áhættustig 4
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, Bankastræti 1		3	2	2,38	0,8	1,904	Áhættustig 2
Leikskólinn Krílakot - Brúarholti 9, Ólafsvík		3	4	3,44	0,98	3,3712	Áhættustig 4
Hafnarvæði (mengun og skip)		3	2	2,38	0,8	1,904	Áhættustig 2
Hraðfrystihús Hellisands, Hafnarbakka Rifi		4	3	3,44	0,96	3,3024	Áhættustig 4
KG fiskverkun ehf, Melnesi 1 Rifi		3	4	3,44	0,94	3,2336	Áhættustig 4
Sjávariðjan Rifi hf., Hafnargötu 8 Rifi		2	2	2	0,94	1,88	Áhættustig 2
Fiskmarkaður Íslands hf, Hafnargötu 10 Rifi		4	4	4	0,82	3,28	Áhættustig 4
Leikskólinn Kríuból - Naustabúð 17, Hellissandi		3	4	3,44	0,56	3,3712	Áhættustig 4
Grunnskóli Hellisands, Keflavíkurgötu 2		2	3	2,38	0,94	2,2372	Áhættustig 3
Félagsheimilið Röst, Snæfellsási 2, Hellissandi		4	3	3,44	0,84	2,8896	Áhættustig 3
Hótel Hellisandur hf., Klettsbúð 9, Hellissandi		3	3	3	0,9	2,7	Áhættustig 3
Arnarstapi		3	4	3,44	0,56	1,9264	Áhættustig 2
Hafnarvæði (mengun og skip)		3	3	3	0,84	2,52	Áhættustig 3
Sumarhúsabyggð		2	3	2,38	0,78	1,8564	Áhættustig 2
Hellnar		3	4	3,44	0,58	1,9952	Áhættustig 2
Hótel Hellnar		3	3	3	0,8	2,4	Áhættustig 3
Sumarhúsabyggð		2	3	2,38	0,78	1,8564	Áhættustig 2
Staðarsveit, Breiðuvík		3	4	3,44	0,56	1,9264	Áhættustig 2
Hótel Búðir		3	3	3	1	3	Áhættustig 3
Lýsuhóll, Staðarsveit		2	3	2,38	0,98	2,3324	Áhættustig 3
Langholt, Staðarsveit		3	3	3	1	3	Áhættustig 3

Áhættumati var unnið samhliða slökkviáætlun á stærri mannvirki og þær byggingar sem skipta máli innan sveitarfélagsins. Helstu niðurstöður áhættumatsins og greiningar varðandi líf og heilsu einstaklinga, umhverfis, eigna, samfélags og rekstur fyrirtækja eru:

Áhætta	Aðstæður	Úrbætur sem þarf að gera
Hótel Hellnar	Að mestu bygging úr timbri. Tekur slökkviliðið um 30 mín að komast á staðinn. Ekkert slökkvivatn er á staðnum. Gestir og starfsfólk ættu að komast út af eigin rammleik.	Þörf á að auka slökkvivatn á svæðinu og kaupa tankbifreið. Einnig mætti setja sjálfvirkt vatnsúðakerfi í bygginguna.
Hótel Hellissandur	Steinsteypt bygging og hólfuð. Tekur slökkviliðið um 15 mín að komast á staðinn. Lítið slökkvivatn er á staðnum. Gestir og starfsfólk ætti að komast út að eigin rammleik.	Þarf að auka magn slökkvivatns á svæðinu og kaupa tankbifreið. Það er nægt vatn á Hellissandi en mögulega þyrfti að bæta við lögn fyrir annan af tveimur brunahönum á svæðinu. Eins og er þá eru þeir á sömu lögninni og tæmast báðir.
Félagahéimilið Röst	Steinsteypt bygging og illa hólfuð. Tekur slökkviliðið um 15 mín að komast á staðinn. Lítið slökkvivatn er á staðnum.	Þarf að auka magn slökkvivatns á svæðinu og kaupa tankbifreið. Þarf að setja fram hámark gestafjölda á samkomur í húsinu. Það er nægt vatn á Hellissand: sjá ath. hér að ofan.
Gamla saltfiskverkunin við Hellisbraut 1 (geymslur – engin starfsemi)	Sambyggðar byggingar og illa hólfaðar. Tekur slökkviliðið um 15 mín að komast á staðinn. Lítið slökkvivatn er á staðnum.	Hólfa þarf bygginguna betur niður í brunahólf og setja reyklosunarop í þakið. Þarf að setja upp sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi. Þarf að bæta magn slökkvivatns á svæðinu og kaupa tankbifreið. Það er nægt vatn á Hellissand: sjá ath. hér að ofan.
Höfnin Rífi	Að mestu fiskiskipahöfn. Helstu hættur eru bruni eða mengun í/eða frá fiskiskipi. Mengunarvarnarbúnaður er staðsettur á höfninni í Ólafsvík, en hann þarfnast viðhalds og stendur til að endurnýja hann.	Takmarkaður mengunarvarnarbúnaður er á staðnum. Samningur er við SHS um aðstoð við mengunaróhöpp. Sjá fylgiskjal 8
Sjávariðjan, Hafnargata 8	Byggingin er óhólfuð. Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á það að ráða við eld í byggingunni og geta varið nærliggjandi byggingar.	Setja þarf reyklosunarop í þakið og hólfa byggingarnar betur.

Fiskmarkaður Íslands við Hafnargöta 10 (slæging)	Byggingin er óhólfuð. Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á það að ráða við eld í byggingunni og geta varið nærliggjandi byggingar. Fólk gæti verið þarna í gistingu (verbúð). Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í húsnæðinu.	Sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi þarf að setja í bygginguna til að takmarka tjón. Setja þarf reyklosunarop í þakið og hólfa bygginguna betur.
KG fiskverkun við Melnes 1	Byggingin er að mestu óhólfuð. Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á það að ráða við eld í byggingunni og geta varið nærliggjandi byggingar.	Setja þarf reyklosunarop í þakið, en ef því er ekki viðkomið þarf að fá reyklosunarblásara. Hólfa þarf byggingarnar betur. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum.
Hraðfrystihús Hellissands	Byggingin er að mestu óhólfuð. Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á það að ráða við eld í byggingunni og geta varið nærliggjandi byggingar.	Setja þarf reyklosunarop í þakið, en ef því er ekki viðkomið þarf að fá reyklosunarblásara. Hólfa þarf byggingarnar betur. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum.
Norðurtangi 3 í Ólafsvík	Byggingin er að mestu steipt og með forsteyptar einingar. Byggingin er að mestu óhólfuð eða illa hólfuð. Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í húsnæðinu. Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á slökkviliðið að ráða við eld í byggingunni og verja nærliggjandi byggingar.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi þarf að setja í bygginguna til að takmarka tjón. Setja þarf reyklosunarop í þakið, en ef því er ekki viðkomið þarf að fá reyklosunarblásara. Hólfa þarf bygginguna betur. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum.
Bylgjan, Bankastræti 1 (Fiskmarkaður Snæfellsbæjar)	Byggingin er að mestu stálgrindarhús með útveggi úr timbri. Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á slökkviliðið að ráða við eld í byggingunni og verja nærliggjandi byggingar.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi þarf að setja í bygginguna til að takmarka tjón. Setja þarf reyklosunarop í þakið, en ef því er ekki viðkomið þarf að fá reyklosunarblásara. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum.
Klumba	Stálgrindarhús með samloku-einingum. Húsnæðið er ein brunasamstæða. Slökkvivatn er mjög takmarkað.	Setja þarf reyklosunarop í þakið, en ef því er ekki viðkomið þarf að fá reyklosunarblásara. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum. Auka þarf slökkvivatn og þarf sverari vatnslögn að byggingunni og bæta við brunahönum.

<p>Norðurtangi 1 í Ólafsvík</p>	<p>Bygging er steinsteypt og byggð í nokkrum áföngum. Matvöru-búðin er aðskilin frá öðrum byggingarhlutum. Annars er byggingin að mestu ein brunasamstæða.</p> <p>Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í húsnæðinu.</p> <p>Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á slökkviliðið að ráða við eld í byggingunni og verja nærliggjandi byggingar.</p>	<p>Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi þarf að setja í alla bygginguna til að takmarka tjón.</p> <p>Setja þarf reyklosunarop í þökin.</p> <p>Ganga þarf frá brunahólfun byggingarinnar.</p> <p>Aðstoð þarf frá nær liggjandi slökkviliðum.</p>
<p>Félagsheimilið Klif</p>	<p>Byggingin er steinsteypt en er að mestu eitt brunahólf.</p> <p>Eldsmatur er töluverður í klæðningum. Fólk ætti að komast út.</p> <p>Ekkert slökkvivatn er á staðnum fyrir utan einn brunahana sem annar líklega 2800 l/mín.</p>	<p>Þarf að bæta magn slökkvivatns á svæðinu og kaupa tankbifreið. Athuga þarf þó að tankbifreið er staðsett í Grundarfirði og hægt að nýta hana.</p>
<p>Ólafsvíkurhöfn</p>	<p>Að mestu fiskiskipahöfn.</p> <p>Helstu hættur eru bruni eða mengun í/eða frá fiskiskipi eða fragtskipi.</p> <p>Gámur með búnaði er á staðnum en hann þarfnast viðhalds og stendur til að endurnýja hann.</p>	<p>Takmarkaður mengunarvarnarbúnaður er á staðnum.</p> <p>Samningur er við SHS um aðstoð við mengunaróhöpp. Sjá fylgiskjal 8</p> <p>3 brunahanar eru við höfnina og fleiri að fara upp. Nýir brunahanar eru settir upp þegar bryggjur eru endurnýjaðar.</p>
<p>Hótel Ólafsvík</p>	<p>Byggingin er steinsteypt en á 3 hæðum. Hólfun er að mestu í lagi.</p> <p>Slökkvilið kemst í sjó og vegna þess á slökkviliðið að ráða við eld í byggingunni. Ef hólfun og flóttaleiðir eru í lagi kemst fólk út.</p>	<p>Yfirfara þarf hólfun byggingar.</p> <p>Slökkvivatn þarf að bæta með sverari lögnum og brunahönum.</p> <p>Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum.</p>
<p>Íþróttahús í Ólafsvík</p>	<p>Byggingin er steinsteypt. Þak hefur burð frá stálbitum (kraftsperrur). Salurinn er eitt rými. 6 - 8 reyklosunarlúgur eru á húsinu en þær þarfnast viðhalds.</p> <p>Rýmingarleiðir eru í báðum endum hússins og út á völl, en þær þarf að laga til að þær uppfylli skilyrði.</p> <p>Áhorfendarymi er fyrir um 300 manns.</p> <p>Slökkvivatn er takmarkað nema hægt séð leggja frá sjó eða frá læknum.</p>	<p>Þarf að bæta magn slökkvivatns á svæðinu og kaupa tankbifreið. Athuga þarf þó að tankbifreið er staðsett í Grundarfirði og hægt að nýta hana.</p> <p>Auka þarf reyklosun í þaki íþróttasalar.</p> <p>Aðstoð gæti þurft frá nærliggjandi slökkviliðum.</p>

Grunnskólinn, Ennisbraut 13	Byggingin er steinsteypt og byggð í tveimur áföngum. Byggingin er eitt brunahólf. Opið er í þakrými. Rýming er sæmileg. Slökkvivatn er hægt að fá úr Engihlíð og Bæjartúni. Brunahani er við skólann og við íþróttahúsið. Einnig væri hægt að tengja dælubíl við sundlaugina.	Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi þarf að setja í alla bygginguna til að takmarka tjón. Kerfið þyrfti að vera í öllum herbergjum og hólfulum, en enn vantar slíkt í einhver herbergi. Ganga þarf frá brunahólfun byggingarinnar. Bæta þarf flóttaleiðir. Aðstoð þarf frá nærliggjandi slökkviliðum.
Bílslys	Slökkviliðið ræður við bílslys þar sem þarf að sinna 4 einstaklingum eða færri. Vegna rútuslysa eða minni langferðabifreiða þarf viðtæka aðstoð. Oftast er lögregla/sjúkrabíll fyrst á staðinn.	Rútuslys eða minni langferðabifreiðar þurfa aðstoð annarra. Nauðsynlegt getur verið að fá aðstoð þyrlu, sjúkraflutninga-fólki, björgunarsveitum og læknum frá nærliggjandi sveitarfélögum.
Olíubifreiðar	Slökkviliðið getur stöðvað leka og mengun sem hefur komist í jarðveg. Vatnsból gætu verið í hættu. Slökkviliðið ræður ekki við bruna í olíubifreið (tanki).	Varðandi meiriháttar mengun þarf aðstoð vegna upphreinsunar, en hún er ekki í höndum slökkviliðs. Þarf að auka við froðubirgðir slökkviliðsins.
Gróðureldar	Gætu orðið í sinu eða mosa.	Slökkviliðið mun alltaf þurfa aðstoð frá nærliggjandi slökkviliðum og björgunarsveit. Sé umfang mikið þarf aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Dælugeta slökkviliðs er 10.000 l/mín og fjöldi slökkviliðsmanna er 20. Þar sem slökkviliðsmennirnir eru ekki fleiri en 20 ætti slökkviliðið að ráða við dælumátt upp að 7.000 l/mín. Miðað við þessar forsendur og fulla mætingu getur slökkviliðið ráðið við byggingar (brunahólf) sem eru um 1.400 m². Ef aðeins helmingur slökkviliðsmanna mætir fer þessi tala niður í 700 m².

Það er mat slökkviliðsstjóra í dag að slökkviliðið ráði ekki við stærri áhættur en þær sem eru innan við 1.100 m². Þetta miðast við tæki, búnað og mannafla. Vegna takmarkaðs slökkvivatns á svæðinu ræður slökkviliðið með góðu móti einungis við áhættur sem eru innan við 450 m².

Vegna núverandi stærðar slökkviliðsins og umfangs nokkurra stærri bygginga getur þurft að leita aðstoðar hjá nærliggjandi slökkviliðum. Sú aðstoð mun þó ekki berast fyrir en 30 til 60 mín eftir að slökkviliðið hefur hafið aðgerðir.

Geta slökkviliðsins er fundin þannig að notast er við bókina „Brunamálaskólinn Slökkvistarf“. Þar kemur fram að handlína afkasti 300 til 350 l/mín. Út frá því er þá gengið að það þurfi 3 slökkviliðsmenn fyrir hverja 1000 l. Til að finna hvað þarf að nota mikið slökkvivatn er notast við bókina „Slökkvivatn fyrir byggingar“ sem Brunamálastofnun gaf út árið 1995 og einfalda þumalputtareglu: einn rúmmetri sem segir til um lítri af vatni á mín. Notast er síðan við meðaltal frá þessum báðum aðferðum. **Sjá töflu 1.**

Tafla 1. Listi yfir ráðandi áhættur á svæði slökkviliðsins, nauðsynlegt slökkvivatn og mannafla.

Bygging	stærð	önnur hólfun	slökkvivatn	mannafli 3 á 1000	viðbragð	sl.vatn 2	mannaf. 2	meðal sl	mannaf 3
Hótel Hellnar	905		3620	11	30 mín	3200	10	3410	10
Hótel Klettabúð	908		2724	8	20 mín	3000	9	2862	9
Félagsheimilið Röstin	1000		3000	9	20 mín	3400	10	3200	10
Saltsfisksverkun Hellisbr. 1	2008		8032	24	20 mín	5600	17	6816	20
Höfnin Rifi					15 mín				
Sjávariðjan Hafnarg 8	1560		6240	19	15 mín	5900	18	6070	18
Fiskm. Hafnarg 10	2137		8548	26	15 mín	7000	21	7774	23
KG fiskv. Melnes 1	2790	1400	11160	33	15 mín	7900	24	9530	29
Hraðfrystih. Helliss	2464		9856	30	15 mín	7400	22	8628	26
Norðurtangi 3	1618		6472	19	15 mín	5500	17	5986	18
Bylgjan bankast. 1	1600		6400	19	10 mín	5500	17	5950	18
Klumba	1862		7448	22	10 mín	6000	18	6724	20
Norðurtangi 1	2500	3500	10000	30	10 mín	6900	21	8450	25
Félagsh. Klif	1590		6360	19	10 mín	5000	15	5680	17
Ólafsvíkurhöfn					10 mín				
Hótel Ólafsvík	1333		3999	12	10 mín	4600	14	4299.5	13
Íþróttahús	2100	2345	10500	32	10 mín	6200	19	8350	25
Grunnskóli Ennisbr. 13	1100		4400	13	10 mín	3000	9	3700	11

Þetta mat er gert í september 2019.

Niðurstöður áhættumatsins eru þær að slökkviliðið ræður ekki eitt við stærstu áhættunna í sveitarfélaginu vegna takmarkaðs slökkvivatns. Stærstu áhættunna eru Klumba (áin), Fiskmarkaðurinn Hafnargötu 10 Rifi, Hraðfrystihús Hellisands, Norðurtangi 1, KG fiskverkun við Melnes 1 og íþróttahúsið Ólafsvík.

Þar sem salur **íþróttahúss** er mikill að rúmmáli má reikna með að eldur verði lengi að magnast og slökkviliðið ráði niðurlögum hans áður en umfang hans verði orðið of mikið. Þessi forsenda byggir á því að virkt sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi sé í byggingunni og nægt slökkvivatn sé fyrir hendi.

Varðandi **Hraðfrystihús Hellisands** og byggingar að **Norðurtanga 1** verður hægt að ráða við þær með því að slökkviliðið noti mánitara við slökkvistarfið og við það mun mannskapur duga ef aðstoð berst innan við 30 mín frá því að slökkvistarf hefst og nægt slökkvivatn sé fyrir hendi.

Á sunnanverður Snæfellsnesi er slökkvivatn takmarkað eða mjög lítið. Hægt er að fá aðstoð tankbíls frá slökkviliðinu í Grundarfirði. Það myndi hjálpa til ef hægt væri að setja niður vatnstank á Hellnum og jafnvel víðar.

Niðurstaðan er sú að slökkviliðið eigi að ráða við áhættur í sveitarfélaginu miðað við þann búnað, mannafla og æfingar sem á þarf að halda. Þar sem takmarkað slökkvivatn hamlar slökkvistarfi þyrfti að fara í endurbætur á vatnsveitu sveitarfélagsins svo slökkviliðið ráði við þær byggingar sem þegar hafa verið byggðar.

Ef upp kemur mengunarslys þá er til búnaður í kerru sem geymd er í Stykkishólmi. Sá búnaður er kominn á tíma og þarfnast endurnýjunar. Lítið er um sýrur á svæðinu en ammoníaksleki getur orðið í frystihúsum og fiskvinnslum. Slökkviliðið þarf að eignast a.m.k. tvo efnagalla þar sem of langt er til Stykkishólms til að nálgast þá sem þar eru geymdir.

Slökkviáætlanir eru til staðar. Yfirfara þarf byggingarlýsingar í áætlanirnar sem verða gerðar með eldvarnaeftirliti ársins 2020 og fram á árið 2021.

2 Þjónustustig

Lögbundin verkefni

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss.

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn Slökkviliðs Snæfellsbæjar eiga að geta sinnt vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun er í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000, þ.e. að lágmarki 20 klst. á ári vegna þessa þáttar.

2. Slökkvistarfi innanhúss og reykköfun.

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000, svo og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað 1088/2013.

3. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bíflökum.

Í slökkvibifreið eru til staðar björgunartæki til björgunar m.a. úr bíflökum. Slökkviliðið sinnir þessum þætti starfsins. Slökkviliðsmenn sem sinna þessum þætti fá menntun og þjálfun í notkun björgunarbúnaðar.

4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun.

Slökkviliðið sinnir útköllum tengdum mengunar- og efnaslysum. Slökkviliðin á Snæfellsnesi eiga sameiginlega kerru með grunnmengunarvarnabúnaði. Búnaðurinn samanstendur af tveimur eiturefnagöllum og skoltjaldi ásamt uppsogsbúnaði. Sá búnaður er hugsaður til fyrstu aðgerða til að bregðast við minni háttar óhöppum, s.s. olú- og ammoníaklekum. Samstarf er á milli slökkviliðanna á svæðinu, en ljóst er að ef umfang mengunarefnaslyss á svæðinu er umfram getu þessa búnaðar verður kallað eftir frekari aðstoð í gegnum Neyðarlínu/samhæfingarstöð og þá horft til aukins búnaðar og mannafla af höfuðborgarsvæðinu (SHS), **Sjá fylgiskjal 8**

Slökkvilið Snæfellsbæjar mun í framtíðinni sinna mengunar- og eiturefnaslysum á sínu útkallssvæði. Það sem gæti komið fyrir er: t.d. ammoníakleki og leki olú af bifreiðum. Ef um mikinn viðbúnað er að ræða verður leitað til SHS.

5. Eldvarnareftirlit.

Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000 og reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Búið er að gera samning um eldvarnareftirlit við Inspectionem ehf. **Sjá fylgiskjal 9**

6. Önnur þjónusta.

Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda, t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl.

Öryggisvöktun

Öryggisvöktun er framkvæmd í undantekningartilfellum vegna tækifærisleyfa vegna skemmtana í húsum, sem ekki hafa tilskilin leyfi, og vegna ýmissa tilvika samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra í samráði við byggingarfulltrúa.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði


Slökkvilið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Samningar eru um þessa samvinnu en viðkomandi sveitarfélag greiðir viðkomandi útkall samkvæmt reikningi. Slökkviliðið getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum á sama hátt. **Sjá fylgiskjal 6**

Slökkvilið Snæfellsbæjar getur sent eina slökkvibifreið með 5 til 10 manns. Aðstoð frá öðrum slökkviliðum er 6 til 10 manns frá hverju slökkviliði. Slökkvibifreiðar geta komið frá Borgarnesi, Grundarfirði og Stykkishólmi.

3 Skipulag slökkviliðs

3.1. Skipulag

Skipurit fyrir Slökkvilið Snæfellsbæjar er samkvæmt **mynd 1**. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar, að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.



Mynd 1- skipurit Slökkviliðs Snæfellsbæjar

Yfirmenn slökkviliðsins eru þrír , þ.e. slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og einn varðstjóri. Staða slökkviliðsstjóra er í dag 20%, varaslökkviliðsstjóri er í 10 % stöðu og varðstjóri í 10 % stöðu, skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Heildarfjöldi slökkviliðsmanna á að vera a.m.k. 24 að meðtöldum stjórnendum vegna þeirra mannvirkja sem eru í sveitarfélaginu. Miðað við stöðuna í dag þarf að fjölga um fjóra slökkviliðsmenn. Inspectionem ehf., sinnir eldvarnaeftirliti í samráði við slökkviliðsstjóra. **Sjá fylgiskjal 9**

Enginn er í föstu starfi sem almennur slökkviliðsmaður, það fer eftir mætingu í útköll hvort frekari aðstoðar er þörf, t.d. frá björgunarsveitum eða Slökkviliði Grundarfjarðar og Stykkishólms. Samningur um gagnkvæma aðstoð er til á milli slökkviliða á Vesturlandi (sjá **fylgiskjal 6**).

Starf slökkviliðsstjóra kallar á aukið starfshlutfall, allt að 50%, til að hægt sé að vinna þá vinnu sem til fellur vegna slökkviliðsins. Skipulegt vaktafyrirkomulag tekur gildi í byrjun árs 2022. Slökkviliðið vinnur í samræmi við reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018.

Slökkviliðið er mannað slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem hafa ekki fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll, skv. skipulegu vaktafyrirkomulagi. Alltaf er reiknað með að 5 slökkviliðsmenn séu tiltækir í fyrsta viðbragð (einn stjórnandi og fjórir slökkviliðsmenn). Ef verkefnið er stærra verður boðað út aftur. Stjórnendur skilgreina þetta skipulag sérstaklega á milli ára. Mismunur er á skipulagi milli vetrar, sumars eða sérstakra viðburða innan eða utan

sveitarfélagsins. Samstarf er mikið við Slökkvilið Grundarfjarðar. Þessu skipulagi verður komið á við gildistöku áætlunarinnar.

Slökkviliðsstjóri annast rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga og reglugerða. Varaslökkviliðsstjóri eða varðstjóri sér um rekstur slökkviliðsins í forföllum slökkviliðsstjóra. Í Ólafsvík er slökkvistöðin og þar er geymdur allur búnaður slökkviliðsins. Samstarf er við lögreglu og björgunarsveitir um aðstoð í útköllum og þá aðallega vegna lokana. Í útköllum stjórnar slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri eða varðstjóri.

Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða staðgengla hans. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri/varðstjóri þá ábyrgð.

Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfi Vesturlands og er brunavörnum og mengunarslysum sinnt í samvinnu við aðra björgunaraðila á Vesturlandi. Heildarfjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 16 á útkallssvæðinu og alls eru 8 lögreglumenn á vegum lögreglunnar í sýslunni. Þeir eru í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- Stjórna starfseminni og samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- Sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar án þess að rýra öryggi íbúa.
- Sjá til þess að slökkviáætlanir og upplýsingar um aðstæður í dreifbýli séu til staðar og uppfærðar reglulega.
- Stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig hverju sinni.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðaskipulagi sem skilgreinir í megindrátum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

3.1.1. Verkefni slökkviliðs

Er að sinna öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun úr brunahönum, opnum vatnsbólum og sjó. Slökkviliðið er fært um að sinna slökkvistarfi innan- og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Slökkviliðið sinnir gróðureldum á svæðinu. Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöðinni í Ólafsvík og æfingar miðast við að allir geti unnið þau störf í samræmi við gildandi þjónustustig, menntun og þjálfun. *Sjá nánar leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar nr. 6.053, um mat á búnaðar- og mannaflapörf.*

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum sem eru bundin við bryggju. Auka þarf æfingar vegna stærri fiskiskipa og fraktskipa. Ef skemmtiferðaskip koma til hafnar eða á svæðið þarf leita álits slökkviliðsstjóra á komu þeirra. Nauðsynlegt er að gera áætlun um þetta atriði ásamt áhættumati.

Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf í nágrennasveitarfélögum samkvæmt samningi þar um, án þess að rýra öryggi íbúa sveitarfélagsins.

Inspicionem ehf. sér um eldvarnareftirlit í Snæfellsbæ skv. samningi og mun það vera framkvæmt í samvinnu við slökkviliðsstjóra. **Sjá fylgiskjal 9.** Tíðni skoðana verður í samræmi við reglugerð nr. 723/2017, um eldvarnir og eldvarnareftirlit, *sjá fylgiskjal nr. 2.*

Sveitarfélögum er skylt að sinna mengunarslysaviðbrögðum. Unnið er að samstarfi sveitarfélaga á Snæfellsnesi til að annast þann þátt slökkviliðsins. Í Stykkishólmi er kerra með mengunarvarnarbúnaði sem Brunamálstofnun afhenti til notkunar í efnaslysum á Vesturlandi. Búnaður kerrurnar er að mestu kominn yfir tímamörk og þarf að endurnýja allan búnað. Slökkviliðið sinnir mengunarvörnum vegna olíuleka og ammoníaksleka ásamt minni háttar sýruslysum. Vegna stærri mengunarslysa þarf að leita aðstoðar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og/eða annarra slökkviliða á Vesturlandi. Þar sem einungis er um ammoníaksleka að ræða er ekki þörf á aðstoð, nema verulegar breytingar eigi sér stað innan fyrirtækja á svæðinu. Slökkviliðsmenn verða þjálfaðir í að takast á við mengunaróhöpp á landi í samstarfi/kennslu Brunamálaskólans. Viðbragðsáætlun vegna mengunarvarnarslysa hefur verið gerð. Fyrir árslok 2022 verður slökkviliðið og nágrannaslökkviliðin búin að koma sér upp búnaði og þjálfa mannskap til að takast á við þetta verkefni. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í takt við kröfur reglugerða.

Slökkviliðið sinnir björgunarstörfum með sérstökum björgunarbúnaði sem aðallega er ætlaður til að ná fólki út úr bílflökum. Hann er einnig nothæfur vegna björgunar úr rústum (hrunin mannvirki).

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna. Slökkviliðið sinnir þar almennum slökkvistörfum, losun fastklemmdra úr bílflökum og mannvirkjum og stöðva útbreiðslu mengandi efna miðað við þann búnað sem er fyrir hendi hrá sveitarfélaginu.

Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum:

Slökkviliðið er tiltækt vegna slökkvistarfs á flugvöllum í samráði við Samgöngustofu sem mun þá taka ábyrgð á mannskap og búnaði. Gera þarf samning vegna þessarar þjónustu.

Landfræðilegt þjónustusvæði slökkviliðsins er allur Snæfellsbær og nær frá Stekkjarvöllum á sunnanverðu Snæfellsnesi að Búlandshöfða að norðan út nesið til vesturs. **Sjá fylgiskjal 1.**

Lengsta aksturleið slökkviliðsins er um 40 mín.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir í héraðinu og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru í slökkviliðsbifreiðum landakort af svæðinu og er notast við þau, ef á þarf að halda. Komið er GPS staðsetningartæki í bifreiðar. Í slökkvibílum er einnig mappa með grunnupplýsingum og staðháttarupplýsingum af sveitabæjum og upplýsingum um vatnsból og helstu þætti, ásamt korti af dreifbýli og götukorti af þéttbýli. Grunnupplýsingarnar eru komnar í slökkvibifreiðar. Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir því að uppfæra þessar upplýsingar. **Sjá fylgiskjal 1 og 1.1.**

3.2. Forvarnarstarf

Dagleg umsjón forvarna heyrir undir starfsemi slökkviliðsstjóra. Til að hægt sé að sinna því er gert ráð fyrir kostnaði við þennan þátt í fjárhagsáætlun.

Skoðanir eru í samræmi við reglugerð nr. 723/2017, um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Slökkviliðsstjóri gefur árleg út eftirlitsáætlun um hvaða mannvirki verða skoðuð það árið. Áætlunin er birt á vefsíðu sveitarfélagsins og/eða slökkviliðsins.

Starfsemin er tvennskonar:

- Eldvarnareftirlit og eftirfylgni eldvarnareftirlits.
- Upplýsingar og fræðsla.

Helstu verkefni forvarna eru:

- Ráðgjöf til hönnuða.
- Skoðun teikninga bygginganefndar.
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnareftirlit sveitarfélaga.
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- Fræðsla í skólum um eldvarnir.
- Slökkviliðsstjóri situr fundi umhverfis- og skipulagsnefndar eða fær mál til umsagnar fyrir fundi.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra.

Þeir sem sinna eldvarnareftirliti eiga að vera menntaðir eldvarnareftirlitsmenn og hafa hlotið menntun Eldvarnareftirlitsmanns I, II og III frá Brunamálaskólanum eða hafa sambærilega menntun. Ef annar en slökkviliðsstjóri sinnir starfinu þarf eldvarnareftirlitsmaður að hafa lágmark Eldvarnareftirlitsmann I og II. Þá þarf slökkviliðsstjóri að hafa menntun Eldvarnareftirlitsmanns III. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans og slökkviliðsins. Reglulega skulu þeir sem sinna eldvarnareftirliti sækja a.m.k. 3 daga fræðslu á 6 ára fresti. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001.

Listi um skoðunarskylda staði er *í fylgiskjali 2*. Skoðunarskyldir staðir eru um 84 á ári. Slökkviliðið mun skoða lögbylí og aðra atvinnustarfsemi annað til þriðja hvert ár en það er gert vegna fjarlægða og vegna þess að slökkviliðið er með hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

3.3. Útkallsstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð á útkallsdeild er í höndum slökkviliðsstjóra. Krafa er um að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000.

Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við menntun, þjálfun og æfingar. Hann leggur mat á einstaka þætti starfsseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru:

- Björgunar- og slökkvistörf.
- Mengunarslys.
- Almannavarnir.
- Björgun vegna umferðaróhappa.
- Þjálfun og æfingar.
- Dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar.
- Viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri og varðstjóri bera faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Heildarfjöldi slökkviliðsmanna á að vera 20 með slökkviliðsstjóra, aðstoðarslökkviliðsstjóra og varðstjóra. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og gildandi þjónustustig, skv. 11.gr. reglugerðar Brunamálaskólans og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Þannig eiga menn að geta gengið í öll störf, miðað við menntun og þjálfun, sem upp koma í samræmi við gildandi þjónustustig. Ekki hafa þó allir tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir eru ekki færir um að stunda reykköfun.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhúss ásamt reykköfun og minni háttar mengunarslysum, s.s. olífulekum.

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60 % slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60 % slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að vinna með björgunartæki (klippur).
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80 % slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60 % slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80 % slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna skipsbruna.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60 % slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna bruna í minni flugvéllum með færi sæti en 8.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við þjónustustig og gildandi lög og reglugerðir. Æfingaáætlun (frá 2019) er að finna í fylgiskjali 4.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur reglugerða og Brunamálaskólans. Menntunar- og endurmenntunaráætlun er í **fylgiskjali 3**. Slökkviliðsmenn sækja námskeið á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið.

Í útköllum verður unnið eftir aðgerðaskipulagi sem er unnið af slökkviliðsstjóra og skilgreinir í megindrátum verkefni manna í hverri stöðu/verkefni.

3.3.1. Hafnir

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar rekur 3 hafnir, Ólafsvíkurhöfn, Rifshöfn og Arnarstapahöfn, auk þess að hafa umsjón með hafnarmannvirkjum á Búðum og á Hellnum. Ólafsvíkur- og Rifshafnir eru fiskiskipa- og uppskipunarhafnir. Á Arnastapa er smábátahöfn. Mörk hafnanna má sjá á korti sem í **fylgiskjali 5**.

Leitað er til Samhæfingarstöðvar/höfuðborgarsvæðis ef frekari búnaðar eða mannafla er þörf. **Sjá fylgiskjal 8.**

Slökkviliðið kemur að slökkvistarfi á hafnarsvæði ef eldur er laus, ásamt viðbragði við nemgun (oliumengun/spilliefni) á landi. Samningur er milli slökkviliðs og Hafnarsjóðs. **Sjá fylgiskjal 10.**

Á hafnarsvæði Ólafsvíkur er gámur með flotgirðingu fyrir mengunarvarnir á sjó. Grunnbúnaður til viðbragðs við mengunarslysum er í sameiginlegri kerru á Snæfellsnesi en síðan er leitað til Samhæfingarmiðstöðvar/höfuðborgarsvæðis ef frekari búnaðar eða mannafla er þörf. **Sjá fylgiskjal 8.**

Hafnarstjóri ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða í samræmi við viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar innan hafnarsvæða á sjó sbr. reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 yfirvalda.

Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum og bátum séu þau bundin við bryggju. Ljóst er að við slíkar aðstæður þarf að kalla eftir aðstoð nágrannasveitarfélaga samkvæmt samningi. **Sjá fylgiskjal 6.** Froðubirgðir eru takmarkaðar á svæðinu og yrði að kalla eftir frekari froðu í gegnum Neyðarlínu eða samhæfingarstöð eða gera aðrar ráðstafanir. Olúdreifing er með í gámum froðubirgðir sem fljótlegt er að setja upp á gámabíl. 18.000 lítrar eru í birgðastöðinni í Örfirisey, 9000 lítrar eru í Straumsvík og 9000 lítrar á Akureyri. Enginn mannskapur hjá slökkviliðinu hefur verið þjálfaður í meðhöndlun á búnaðnum og er hann í umsjá hafnar

Landhelgisgæslan er ábyrg fyrir brunum í skipum á sjó. Hvorki mannskapur né búnaður slökkviliðsins er tryggður úti á sjó og því sinnir slökkviliðið þeim þætti ekki.

3.4. Önnur verkefni

Samstarf er á milli slökkviliða á Snæfellsnesi.

Markmið samstarfsins er að nýta þau tæki og þann mannafla sem slökkviliðin hafa yfir að ráða, með gagnkvæmri aðstoð við slökkvistörf, ef um meiri háttar eldsvoða eða dreifbýlisbruna er að ræða. Aðilar samningsins (slökkvilið Stykkishólms og nágrennis, Grundarfjarðar, Snæfellsbæjar, Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Borgarbyggðar, Akraness og Hvalfjarðarsveitar) eru sammála um að veita aðstoð í samræmi við samkomulagið.

Samningurinn er í heild sinni í *fylgiskjali 6*.

Á Rifi er flugvöllur sem er lítið notaður, nema þá fyrir einkaflug og leiguflug.

Tryggja verður að önnur verkefni sem slökkviliðunum er falið að vinna rýri ekki viðbragðsgetu slökkviliðsins.

3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

3.5.1. Viðvaranir, upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavernd Vesturlands og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum almannavarna. Helstu viðburðir sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiri háttar mengunarslys á svæðinu, meiriháttar bruni eða rýming á hjúkrunar- og dvalarheimili eða þar sem fjölmenni er saman komið. Hægt er að keyra um með sírenu og láta almenning þannig vita af yfirvofandi hættu.

Notast er við Tetra–fjarskipti í samskiptum á milli samstarfsaðila. Innan liðsins er notast við VHS.

3.5.2. Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðalsvartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín, en það fer eftir eðli útkallsins (fer stundum upp í 3 mín.). Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna, ásamt því að uppfæra upplýsingar eftir þörfum

3.5.3. Boðunartími

Eins og áður hefur komið fram sér Neyðarlínan um boðun slökkviliðsins með SMS skilaboðum og símhringingum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn út úr stöð innan sex mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Slökkviliðsstjóri sér um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum

landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá slökkviliði er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnaástands eða annarra ástæðna.

3.5.4. Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað í þéttbýli. Í dreifbýli er miðað við að vatn sé komið á stút innan 120 sek. Er þessi ferill æfður og tímatekinn a.m.k. einu sinni á ári. Almennt er slökkvistarf komið í gang innan fjögurra mínútna frá því að slökkviliðið kemur á staðinn með 5 slökkviliðsmenn.

3.5.4. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í fjögur tímabelti og flokka (*sjá mynd í fylgiskjali 1*). Í fyrsta tímabeltinu, flokki I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (**grænt**), í tímabelti tvö, flokki II, eru aðgerðir hafnar innan 15 mín. (**gult**), þriðja tímabeltinu, flokki III, eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (**rautt**). Fjórða tímabeltið er svæðið fyrir utan tímabelti 3. Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti (*fylgiskjal 1*). Eldvarnaeftirlit verður aukið þar sem slökkviliðið er lengur en 15 mín. á staðinn. Þar sem slökkvilið er lengur en 20 mín. er lögð sérstök áhersla á að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitækja, reykskynjara og rýmingaleiða. Eldvarnaeftirlit á svæðum utan við 20 mín. verður aukið með eftirliti og fræðslu. Einnig verða gerðar auknar kröfur á mannvirki.

1. Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.
2. Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli.
3. Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.
4. Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli.

3.6. Útkallstími

Útkallssvæði slökkviliðs er skipt upp á eftirfarandi hátt. Innan Ólafsvíkur er slökkviliðið að öllu jöfnu komið á vettvang innan 10 mín. Útkallstími á Rifi og Hellisandi er innan við 15 mín. Á önnur svæði er slökkvilið lengur en 20 mín. Sjá einnig tímatöflu í **fylgiskjali 1**.

Á þeim stöðum þar sem útkallstími slökkviliðs er yfir 15 mín. eða slökkviliðið er á einhvern hátt vanbúið til að ráða við eld í mannvirki á þessum svæðum (útkallssvæði 3 og 4) skulu brunavarnir mannvirkis auknar sem áhrifum þessa nemur. Auknar kröfur skulu gerðar vegna byggingaleyfa mannvirkja þar sem útkallstími er yfir 15 mín. miðað við aksturstíma. Auk þess verður tíðni eldvarnaeftirlits aukin. Slökkviliðsstjóri skal koma að þessum málum þegar þau koma upp innan sveitarfélagsins.

4 Húsnæði og tækjabúnaður

Allur búnaður slökkviliðsins er í eigu Snæfellsbæjar og gildir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins um þær. Afskriftir eru samkvæmt afskriftarreglum sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda. Samstarfssamningur er síðan við nágrannasveitarfélög um aðstoð í meiri vá þegar frekari tækja og mannafla er þörf (sjá *fylgiskjal 6*).

Lágmarksbúnaður slökkviliðsins má aldrei vera minni en sá lágmarksbúnaður sem tilgreindur er skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 6.065.

Æskilegt væri að slökkviliðið fjárfesti í tveimur gasþéttum varnargöllum vegna ammoníaksslysa á starfssvæðinu.

Kaupa þarf 12 tonna tankbifreið vegna erfiðrar vatnstöku á sunnan- og vestanverðu Snæfellsnesi.

Vegna skorts á slökkvivatni á ýmsum stöðum er nauðsynlegt að sveitarfélagið bæti úr þeim málum í samráði við slökkviliðsstjóra og skipulagsyfirdö. Í sameiningu þarf að fara vel yfir það hvar slökkvivatn er ekki nægjanlegt og hvernig hægt sé að bæta úr því.

Búnaðarlisti, þar sem er gert grein fyrir ástandi hans, er árlega sendur til Mannvirkjastofnunar. Búnaðarlistinn er til hjá slökkviliðinu og er uppfærður reglulega.

4.1. Húsnæði

Slökkvistöð Snæfellsbæjar er að Ólafsbraut 4, Ólafsvík

Slökkvistöðin var byggð á árunum 1954 og 1982 og er 300 fermetrar að stærð. Byggingin er steinsteypt. Hún samanstendur af fimm rýmum þar sem slökkvibifreiðarnar eru staðsettar ásamt lausum dælum, hlífðarfatnaði, loftdælu, öllum búnaði og fundaraðstöðu. Sturtuadstaða er ekki til né afeitrunaraðstaða (sána). Slökkviliðsmenn fá þess í stað aðgang að sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Húsnæðið hefur verðið mikið endurbætt á síðustu fjórum árum. Nokkur leki er í austurenda húsnæðisins sem hefur áhrif á ástands slökkvibifreiðar.

4.2 Bifreiðar:

- Scania RIG88 árg. 2008, með 4000 lítra vatnstank, 200 lítra froðutank og 4000 l/mín. dælu. Þessi dælubifreið er vel búin og hentar vel í dreifbýli. Á bifreiðinni er tvöfalt mannshús með sérútbúnum sætum fyrir reykfara. Fastur búnaður er, m.a. 6,5 tonna rafmagnsspil, rafall, ljósamastur með tveimur 1.000 W kösturum, tvö háþrýstikefli með 90 metra löngum 3/4" slöngum og 3.200 l/mín. monitor á þaki.
- Mercedes Benz HY835 árg. 1986, með 2500 lítra vatnstank og 3400 l/mín. dælu. Bíllinn var allur yfirfarinn árið 2006, bæði bíll, vél og vatnsdæla. Vél bifreiðar er þó frekar kraftlítill miðað við að þurfa að fara yfir Fróðárheiði og lengri vegalengdir, en svæði Slökkviliðs Snæfellsbæjar er mjög stórt. Bíllinn var á sínum tíma keyptur fyrir innanbæjarakstur. Kaupa þarf nýja bifreið sem fyrst.

Lausar dælar:

- | | | |
|---------------------------------|----------------|--------------------|
| • Fox/Rosenb. dæla 1.600 l/mín. | árg. 2000 | Gott ástand |
| • Honda dæla 1.000 l/mín. | árg. 2000 | Gott ástand |
| • Rafmagnsdælar 2X 300 l/mín. | árg. 2004/2009 | 2 stk. Gott ástand |
| • Residue Lsc-4 | árg. 2010 | Gott ástand |
| • Karcher NT 611-ECO ryksuga | árg. 2014 | Gott ástand |

Rafmagn og ljós:

- | | | |
|--------------------------------|-----------|---------------------|
| • Rafstöð, Bosch BSKA5- 5,5 kW | árg. 1986 | Gott ástand |
| • Raffall, PowerTek-6 kW. | árg. 2008 | á Scani Gott ástand |
| • Ljósamastur 2X 1.000 W | árg. 1986 | á Bens Gott ástand |
| • Ljósamastur, 2X 1.000 W | árg. 2008 | Scania Gott ástand |

Reykköfun:

- | | | |
|-------------------------------------------------------|-----------|----------------------|
| • Interspir reykköfunartæki | | 16. stk. Gott ástand |
| • Interspiro (stálkútar) | | 4. stk. Gott ástand |
| • 3 stk. 300 bar aukakútar einnig notaðar f. loftpúða | | |
| • Loftdæla 300 bar. | árg. 2014 | 1. stk. Gott ástand |
| • Líflínur | | 4. stk. Gott ástand |
| • Hitamyndavél | | 2. stk. Gott ástand |

Froða og búnaður fyrir froðu:

- | | | |
|---------------------------------|-----------|--------------------|
| • AWG Z4 kaststútur | árg. 1986 | 1 stk. Gott ástand |
| • Ziegler SE4 kaststútur | árg. 1986 | 1 stk. Gott ástand |
| • Total KR275 millifroðutrehtar | árg. 1986 | 2 stk. Gott ástand |
| • Total KR275 blöndungur | árg. 1986 | 1 stk. Gott ástand |
